

fluttar 2300 kr.		fluttar 3000 kr.		79
Mývatnsping	200 —	Staður í Grindavík	100 —	19. maí.
Húsavík	100 —	Knappstaðir	100 —	
Hvammur og Keta	100 —	Tröllatunga	100 —	
Flatey	100 —	Miðgarður í Grímsey	100 —	
Álptamýri	100 —	Stöð	50 —	
Staður í Grunnavík	100 —	Klyppstaður	50 —	
	flyt 3000 —		3500 —	

og meðal B.

neðangreindra brauða, sem nú eru prestslaus, með því skilyrði, að þau verði veitt innan 31. ágúst næstkomandi, og þeir, sem fá þau, fari samsumars að þjóna þeim:

Ásar í Skaptártungu	200 kr.	
Lundarbrekka	200 —	
Þóróddsstaðir	100 —	500 —
	Samtals	4000 kr.

Framangreind uppbót er veitt brauðunum um fardagaárið 1879—1880, og hefi jeg ritað landfógeta um að greiða fjeð eptir næstu fardaga.

Fari svo, að brauð þau, er tilgreind eru við staflid B, verði eigi veitt innan 31. ágúst þ. á., vonast jeg eptir nánari tillögum yðar um það, hvernig verja skuli fje því, er þeim brauðum er lagt með áminnztu skilyrði.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um styrk til að framast í málms tungu og leturgrepti.* — Eptir að jeg hafði meðtekið þóknanlegt álit yðar, herra amtmaður, um beiðni þá, er hingað var send frá fyrverandi löggæzlupjón í Reykjavík, Árna Gíslasyni, þar sem hann mælist til að fá styrk til þess að framast erlendis í málms tungu- og leturgrepti m fl., hefi jeg af fje því, sem í 15. gr. fjárlaganna er ætlað til vísindalegra og verklegra fyrirtækja, veitt honum alls 300 kr. í tjeðu skyni, og mun verða sjeð um, að upphæð þessi verði ávisuð til útborgunar úr jarðabókarsjóðnum, þegar hann byrjar áminnztu ferð.

Þetta er yður tjáð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu, um húsmennskuleyfi.* — Gamaliel nokkur Oddsson hafði áfrýjað til landshöfðingja úrskurði amtsins, er staðfesti neitun fátökranefndarinnar um leyfi handa honum til að setjast að í húsmennsku í Reykjavík. Landshöfðingi fjellst á, að amtmanni bæri samkvæmt 12. gr. tilsk. 26. maí 1863 að leggja fullnaðarúrskurð á málið, en skaut því til hans að breyta samkvæmt hinum nýju skýringum, er komið höfðu fram í málinu, úrskurði þeim, er hann var búinn að leggja á það. Hjer um segir landshöfðingi meðal annars: «Mjer virðast tjeðar skýringar, svo framarlega sem þær eru sannar, sýna ljóslega, að fátökrastjórn Reykjavíkur með því að neita um hið eptiræskta húsmennskuleyfi hafi látið leiðast af einstrengingslegri sveitarskoðun, og ekki komið þar fram með þeirri mannúð, sem bæði löggjef vor í heild sinni er byggð á, og sem hefir verið tilgangur löggjafans samkvæmt ástæðunum fyrir nefndri tilskipun».